

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



Dags eftirlits	24.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlit og engin ábending er sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða fráviks frá fyrri eftirlitum
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 3. kafla.

Skráningar í stöðinni eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar og var farið yfir þær skráningar á fjárfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og engin ábending gerð þar um. Almenn viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarbúnaði. Rafræn rekstrarhandbók var einnig skoðuð í eftirliti en hún er aðgengileg á sameiginlegum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Skirteini vegna ISO14001 vottunar hefur verið endurnýjað og gildir nú til janúar 2023.

Fimm olúskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir reglulega. Þjónusta við olúskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum en skilja nr.7, á Eyjagarði þarf tíðast viðhald. Allar skiljur voru síðast hreinsaðar í október sl. og sá Hreinsitækni ehf. um þá hreinsun. Skeljungur sér um þennan verkhluta fyrir hönd beggja rekstraraðila á svæðinu. Farið var yfir ljósmyndir frá árlegri athugun á olíu í skiljum, með Macherey Nagel olúprófi og stóðust þær prófið.

Hafa geymarnir allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum en næstu mælingar eru á geymi merktum T0025, árið 2021 og geymum merktum T0108 og T0110 árið 2022. Allar lagnir utan mengunarvarnarþróar voru þrýstiprófaðar árið 2018 og eru í lagi, en Skeljungur sinnir þeim mælingum fyrir báða rekstraraðila.

Fyrirhugað er að gufueyndurnýtingarbúnaður (VRU) stöðvarinnar verði tekinn út þann 3. desember nk. af verktakanum Luveba s.a. og verða niðurstöður þeirrar úttektar sendar eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir. Skráningar sírita HC analyser voru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu og ekki eru gerðar athugasemdir þar um. Mælingar á losun bensínugufa skv. kröfum í reglugerð nr. 252/1999 verða gerðar er búnaðurinn verður tekinn út.

Rekstraraðili tekur á móti úrgangsolíu í Örfirisey, sem er safnað víðs vegar um landið og rekstraraðili geymir á olúgeymum í stöðinni. Þar fer einnig fram áframvinnsla á olúnni. Sótt var um ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar varðandi það að unnin úrgangsolía verði endurskilgreind sem olía (hráefni) og hún þannig gjaldgeng til endursölu. Það álit hefur nú verið gefið út og telur Umhverfisstofnun að rekstraraðili hafi sýnt fram á að framleiðsluvaran muni geta uppfyllt skilyrði um endurnýtingu úrgangs og að svokölluð

verksmiðjuólía sem framleidd er í endurnýtingarferlinu geti því flokkast sem vara til endursölu. Bent er á að gott eftirlit þurfi að vera með því að viðunandi hráefni berist til framleiðslunnar og að gerðar verði mælingar á öllum framleiðslulotum þannig að gæði afurðarinnar verði alltaf þekkt.

Umhverfisstofnun hefur krafist rekstraraðila um að sækja um breytingu á starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar svo úrgangsolíuvinnslan rúmist innan þess og er vinna við þá umsókn hafin hjá stofnuninni. Núgildandi starfsleyfi stöðvarinnar veitir ekki heimild til meðhöndlunar á spilliefnum og er þessi hluti starfseminnar því ekki í samræmi við það. Ekki er sett fram nýtt frávík vegna þessa en stendur frávík frá árinu 2017 opið þar til breyting á starfsleyfi hefur verið gefin út.

Úrgangur sem myndast við framleiðslu verksmiðjuólíunnar fer í Álfsnes til urðunar en er það aðalega aska og steinefni sem þar um ræðir.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir en rætt var um orðalag tryggingaskírteinis sem þarf að skýra betur. Ísogsefni eru til staðar í stöðinni og aðgengilegar þeim starfsmönnum sem gætu á þurft að halda.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir sem og staðsetning skilja, aðstaða gufuendurnýtingabúnaðar og vinnsla úrgangsolíu. Girðing er um allt svæðið og er hún heil og í lagi, hlið stóðu læst þegar að var komið. Stöðin er snyrtilega á að líta og umgengni góð.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Tilkynnt var um bilun í gufuendurnýtingabúnaði í apríl sl. en aflgjafi aðal iðntölvunnar gaf sig og einnig hitanemi í sogdælu í framhaldinu. Tilkynning um lagfæringu kom tveimur dögum síðar og hefur búnaðurinn verið í lagi síðan.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 04.12.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir